

# HS Veitur hf.

---

Árshlutareikningur

---

**1.1.-30.06.2022**

---

HS Veitur hf.  
Brekustíg 36  
260 Reykjanesbæ  
kt. 431208-0590

# HS Veitur hf.

---

Árshlutareikningur

---

**1.1.-30.06.2022**

## **Efnisyfirlit**

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Yfirlit um eigið fé	7
Skýringar	8-12

# Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Ábyrgð endurskoðanda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 26. ágúst 2022

**Deloitte ehf.**

Heiðar Þór Karlsson  
endurskoðandi

Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins kr. 4.227 milljónum og nam heildarhagnaður kr. 157 milljónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 31.500 milljónum, bókfært eigið fé er kr. 13.273 milljónir og er eiginfjárlutfall félagsins 42,14%. Aðalfundur samþykkti í mars s.l. að keypt yrðu eigin bréf fyrir 1.800 milljónir króna og hefur það verið bókfært í efnahagsreikningi en greiðslur hafa enn ekki átt sér stað.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 3 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 49,8% hlut og Suðurnesjabær með 0,1% hlut.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en hingað til hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Suðurnesjum síðustu tvö ár. Þessar náttúruhamfarir eru ekki taldar ógna veitukerfum HS Veitna með beinum hætti. Aðal áhættan er ef eitthvað kemur fyrir Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni á svæðinu og eru stjórnvöld, sveitarfélög á Suðurnesjum og aðrir hagsmunadilar að skoða til hvaða mótaðgerða er unnt að grípa.

Horfur um rekstur fyrirtækisins eru góðar þrátt fyrir ört vaxandi verðbólgu og óvissu m.a. vegna mikils umróts á heimsmörkuðum. Áhrifin hafa verið verðhækkanir og lengri afhendingartími en þess er vænst að þetta gangi til baka að hluta a.m.k. á næstu mánuðum. Aukin verðbólga hefur hinsvegar alltaf umtalsverð áhrif, sérstaklega til skemmri tíma litið því breytingar á gjaldskrá eru alltaf nokkuð á eftir.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2022, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní

Guðný Birna Guðmundsdóttir  
stjórnarformaður

Margrét Sanders

Guðbrandur Einarsson

Heiðar Guðjónsson

Baldur Guðmundsson

Kristín Erla Jóhannsdóttir

Ómar Örn Tryggvason

## Forstjóri

Júlíus Jónsson

## Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.06.2022

		<b>2022</b>	<b>2021</b>
		<b>01.01.-30.06</b>	<b>01.01.-30.06</b>
Rekstrartekjur .....	7	4.227.314	4.027.977
Kostnaðarverð sölu .....		(2.796.345)	(2.631.942)
<b>Vergur hagnaður</b>		<u>1.430.970</u>	<u>1.396.035</u>
Annar rekstrarkostnaður .....		(439.417)	(386.317)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>991.553</u>	<u>1.009.718</u>
Fjármunatekjur .....		25.602	13.756
Fjármagnsgjöld .....		(866.734)	(540.491)
Gengismunur .....		703	(781)
	8	<u>(840.430)</u>	<u>(527.516)</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		151.123	482.202
Tekjuskattur .....		5.724	(52.840)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>		<u><u>156.847</u></u>	<u><u>429.362</u></u>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....		0,20	0,52
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
EBITDA .....		1.533.891	1.540.683

## Efnahagsreikningur 30. júní 2022

Eignir		30.6.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		28.278.502	28.058.232
Óefnislegar eignir .....		456.680	512.115
Eignarhlutar í félögum .....		34.214	34.214
		<u>28.769.396</u>	<u>28.604.561</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		566.700	554.709
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		885.246	1.049.496
Handbært fé .....		1.279.148	874.718
		<u>2.731.095</u>	<u>2.478.924</u>
<b>Eignir</b>		<u>31.500.491</u>	<u>31.083.485</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		724.800	823.700
Lögbundinn varasjóður .....		181.200	205.925
Endurmatsreikningur .....		2.946.525	3.006.426
Óráðstafað eigið fé .....		9.420.748	10.880.374
		<u>13.273.273</u>	<u>14.916.426</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	9	11.618.880	11.414.043
Leiguskuldbindingar .....	11	324.677	311.764
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		553.177	588.743
Tekjuskattsskuldbinding .....		2.029.394	2.035.118
		<u>14.526.128</u>	<u>14.349.668</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		2.828.113	852.618
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		799.495	747.216
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....		4.275	1.860
Ógreiddir reiknaðir skattar .....		0	146.490
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		69.207	69.207
		<u>3.701.090</u>	<u>1.817.392</u>
		<u>18.227.218</u>	<u>16.167.060</u>
		<u>31.500.491</u>	<u>31.083.485</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6 2022

	2022 01.01.-30.06	2021 01.01.-30.06
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður .....	991.553	1.009.718
Afskriftir .....	542.338	530.965
Söluhagnaður fastafjármuna .....	(8.136)	(726)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<u>1.525.755</u>	<u>1.539.957</u>
Vörubirgðir, (hækkun) .....	(11.991)	(9.874)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun .....	169.198	243.533
Rekstartengdar skuldir, hækkun .....	68.833	59.930
Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun) .....	(35.566)	(34.319)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<u>1.716.230</u>	<u>1.799.227</u>
Innborgaðir vextir og arður .....	21.693	12.862
Greiddir vextir .....	(226.541)	(226.523)
Greiddir skattar .....	(41.798)	(65.973)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>1.469.584</u>	<u>1.519.593</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(696.357)	(760.106)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	0	(11.613)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	14.298	726
	<u>(682.058)</u>	<u>(770.992)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Afborganir langtímaskulda .....	(382.374)	(346.502)
Afborganir leiguskuldbindinga .....	(721)	(901)
Keypt eign bréf .....	0	(500.000)
	<u>(383.096)</u>	<u>(847.403)</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....	404.431	(98.802)
Handbært fé í upphafi tímabils .....	874.718	746.356
	<u>1.279.148</u>	<u>647.554</u>

## Eiginfjáryfirlit 1.1.-30.6 2022

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2021 .....	853.100	213.275	3.131.293	10.268.509	14.466.176
Keypt eigin hlutabréf .....	(29.400)	(7.350)		(463.250)	(500.000)
Heildarafkoma tímabilsins .....				429.362	429.362
Upplausn afskrifta af endurmati .....			(62.518)	62.518	0
Eigið fé 30. júní 2021 .....	823.700	205.925	3.068.775	10.297.139	14.396.953
Eigið fé 1. janúar 2022 .....	823.700	205.925	3.006.426	10.880.374	14.916.426
Keypt eigin hlutabréf .....	(98.900)	(24.725)		(1.676.375)	(1.800.000)
Heildarafkoma tímabilsins .....				156.847	156.847
Upplausn afskrifta af endurmati .....			(59.901)	59.901	0
Eigið fé 30. júní 2022 .....	724.800	181.200	2.946.525	9.420.748	13.273.273

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 724,8 millj. kr. þann 30. júní 2022 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.



# Skýringar

---

## 1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2021. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings 2021. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

## 4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingunum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 var samþykktur af stjórn þann 26. ágúst 2022.

## 5. Stýring fjármáalegrar áhættu

### Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármáalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

### Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skodar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

# Skýringar

---

## 6. Stýring fjármálalegrar áhættu (framhald)

### Lánsáhætta

#### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna og framtíðarhorfa.

### Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

### Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggsðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

### Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

### Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaútgáfum félagsins eru ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

### Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntölum í dreifikerfi og 2022 er leyft WACC 6,18% fyrir skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjuramma er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð skuldbinding vegna hugsanlega oftekinna tekna. Uppsafnaðar tekjuheimildir HS Veitna hf. í árslok 2021 voru vannýtar um 379 milljónir króna.

# Skýringar

## 7. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

1. janúar til 30. júní 2022	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals .....	2.328.290	1.381.369	437.801	79.855	4.227.314
Rekstrarafkoma starfsþátta .....	543.098	275.920	167.430	5.106	991.553
<b>Óskiptir liðir:</b>					
Fjármagnsliðir .....					(840.430)
Tekjuskattur .....					5.724
Heilarhagnaður ársins .....					<u>156.847</u>
Eignir starfsþátta .....	17.933.821	7.351.913	3.372.113	77.334	28.735.182
Óskiptar eignir .....					<u>2.765.309</u>
Eignir samtals .....					<u>31.500.491</u>
Óskiptar skuldir .....					18.227.218
Fjárfestingar .....	518.551	122.492	54.998	316	696.357
Afskriftir .....	328.777	141.768	70.306	1.487	542.338
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					1.533.891
<b>1. janúar til 30. júní 2021</b>					
	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals .....	2.196.405	1.311.612	411.607	108.353	4.027.977
Rekstrarafkoma starfsþátta .....	522.294	325.973	147.960	13.492	1.009.718
<b>Óskiptir liðir:</b>					
Fjármagnsliðir .....					(390.029)
Tekjuskattur .....					<u>(52.373)</u>
Heilarhagnaður ársins .....					<u>567.317</u>
Eignir starfsþátta .....	17.616.677	7.344.501	3.422.859	87.606	28.471.643
Óskiptar eignir .....					<u>2.892.687</u>
Eignir samtals .....					<u>31.364.330</u>
Óskiptar skuldir .....					16.388.430
Fjárfestingar .....	595.159	134.162	49.079	(6.683)	771.718
Afskriftir .....	315.274	139.164	74.434	2.093	530.965
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					1.540.683

# Skýringar

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	1.1.-30.06.2022	1.1.-30.06.2021
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	14.754	3.259
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	10.830	9.255
Arður af hlutabréfaeign .....	0	1.225
Aðrar vaxtatekjur .....	18	17
	<u>25.602</u>	<u>13.756</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af langtímalánum .....	(236.482)	(234.795)
Verðbætur langtímalána .....	(628.893)	(304.213)
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	(130)	(204)
Annar fjármagnskostnaður .....	(1.229)	(1.280)
	<u>(866.734)</u>	<u>(540.491)</u>
Gengismunur fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:		
Gengismunur .....	703	(781)
	<u>(840.430)</u>	<u>(527.516)</u>

## 9. Vaxtaberandi skuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6.2022	31.12.2021
Vaxtaberandi skuldir .....	12.418.376	12.161.259
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	<u>(799.495)</u>	<u>(747.216)</u>
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>11.618.880</u>	<u>11.414.043</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	30.6.2022	31.12.2021
Afborganir 1.7.2022-30.6.2023 / 2022 .....	799.495	747.216
Afborganir 1.7.2023-30.6.2024 / 2023 .....	827.581	773.461
Afborganir 1.7.2024-30.6.2025 / 2024 .....	856.665	800.638
Afborganir 1.7.2025-30.6.2026 / 2025 .....	886.783	828.780
Afborganir 1.7.2026-30.6.2027 / 2026 .....	917.971	857.923
Afborganir síðar og til 2033 .....	8.270.729	8.304.687
	<u>12.559.225</u>	<u>12.312.706</u>
Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:		
	30.6.2022	31.12.2021
Óveðtryggt skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum.....	3,41%	3,41%

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 141 milljónum króna þann 30. júní 2022 (31. desember 2021: 151 mkr) og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir lífúmann.

# Skýringar

## 10. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið selur þjónustu til HS Orku hf. á sviði reikningagerðar og innheimtu samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna.

## 11. Leiguskuldbindingar

	Leiguskuldbindingar	
	30.6.2022	31.12.2021
Leiguskuldbindingar .....	328.951	313.624
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....	(4.275)	(1.860)
Langtímaskuldir í árslok .....	324.677	311.764
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	30.6.2022	31.12.2021
1.7.2022-30.6.2023 / 2022 .....	4.275	1.860
1.7.2023-30.6.2024 / 2023 .....	1.612	1.960
1.7.2024-30.6.2025 / 2024 .....	1.700	2.065
1.7.2025-30.6.2026 / 2025 .....	1.794	2.176
1.7.2026-30.6.2027 / 2026 .....	1.892	2.293
Afborganir síðar .....	304.485	305.650
	315.757	316.003

## 12. Önnur mál

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur án efa haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en á fyrri helming ársins hefur faraldurinn haft óverulegáhrif.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Suðurnesjum síðustu tvö ár. Þessar náttúruhamfarir eru ekki taldar ógna veitukerfum HS Veitna með beinum hætti. Aðal áhættan er ef eitthvað kemur fyrir Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni á svæðinu og eru stjórnvöld, sveitarfélög á Suðurnesjum og aðrir hagsmunadilar að skoða til hvaða mótaðgerða er unnt að grípa.

Horfur um rekstur fyrirtækisins eru góðar þrátt fyrir ört vaxandi verðbólgu og óvissu m.a. vegna mikils umróts á á heimsmörkuðum. Áhrifin hafa verið verðhækkningar og lengri afhendingartími en þess er vænst að þetta gangi til baka að hluta a.m.k. á næstu mánuðum. Aukin verðbólga hefur hinsvegar alltaf umtalsverð áhrif, sérstaklega til skemmri tíma lítið því breytingar á gjaldskrá eru alltaf nokkuð á eftir.